

Mál nr. 78/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartyggingar húseigendatryggingar A****Skemmdir á bifreið er snjór féll af þaki húseignar
í dreifbýli við Akureyri 09.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 15.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök húseigandans A. Hann hafi verið fjarverandi þegar atvik máls þessa varð og bifreiðinni hafði verið lagt í stuttan tíma fyrir utan húsið. Ekki megi gera sömu kröfur til snóvarna í tilviki heimahúsnaðis og gert er t.d. í tilviki verslunar- og þjónustuhúsnaðis. Umrætt hús er einbýlishús í sveit þar sem umferð fólks er ekki mikil.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. M er ósammála afstöðu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Vátryggingartaki hefur ekki sýnt af sér saknæma eða ólögmæta háttsemi í umrætt sinn miðað við takmörkuð gögn máls þessa. Vátryggingartaki var að heiman í umrætt sinn og gat því ekki varað ökumann bifreiðarinnar við því að leggja á þessum stað sem var einn af fleirum sem unnt var að leggja á. Tilviljum virðist hafa ráðið því að ökumaðurinn lagði í umrætt stæði og að snjór féll skyndilega á bifreiðina.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.